



Nefndasvið Alþingis

B.t. atvinnuveganefndar

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Selfossi, 24. Nóv. 2020

Efni: Umsögn um 42. mál.

Tillaga til þingsályktunar um stóreflingu innlendrar matvælaframleiðslu og öruggt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar.

Auðhumla svf. er samvinnufélag mjólkurframleiðenda og móðurfélag Mjólkursamsölnunar ehf. Auðhumla svf. er því nátengd íslenskum landbúnaði og þeim starfsskilyrðum sem hann býr við.

Á umliðnum árum hefur íslenskur landbúnaður átt undir högg að sækja m.a. vegna aukins innflutnings sem samið hefur verið um með milliríkjasamningum. En einnig vegna innflutnings sem skráður er á röngum tollnúmerum sem veikir samkeppnisstöðuna enn frekar, þar sem ekki er keppt á forsendum milliríkjasamninga heldur farið fram hjá þeim. Þannig hefur ríkissjóður orðið af tekjum og samkeppnisstaðan skekkst, jafnt í frumframleiðslunni sem og úti á markaðinum.

Sveitir landsins veikjast við þessa ójöfnu aðstöðu og erfiðara verður að halda uppi byggð í landinu. Það er hins vegar lykilatriði í að ferðamennska þrífist hér, að landið sé byggt og skilyrði séu til að taka á móti þeim sem hingað sækja. Þar styrkir landbúnaður byggðasetu og eflir búsetuskilyrði.

Það þarf að ríkja sátt og skilningur um íslenskan landbúnað og starfsskilyrði hans, jafnt hjá almenningi sem og stofnunum ríkisins, sem sumar hverjar hafa farið offari í afstöðu sinni gegn íslenskum landbúnaði og afurðasölufyrirtækjum.

Allt það sem eflir íslenskan landbúnað og kemur til góða er vel þegið og því styðjum við þessa þingsályktun.

Fh. Auðhumla svf.

Virðingarfyllst,

Garðar Eiríksson, framkvæmdastjóri